

Dags. 23.7.2009

Fundur í Skipulags- og umhverfisnefnd Þingeyjarsveitar, haldinn í Kjarna fimmtudaginn 23. júlí 2009, kl 10:30.

Mættir voru Hlöðver P. Hlöðversson, Snæfríður Njálsdóttir, Sigurður Skúlason, Hörður Benónýsson og Ásvaldur Æ. Þormóðsson auk sveitarstjórnar sem sat fundinn. Ásvaldur setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1.

Athugasemdir og svör við deiliskipulag Einarstöðum 2

Teknar fyrir athugasemdir sem bárust í kjölfar auglýsingar á tillögu að deiliskipulagi Einarstaða 2. Þann 19. feb. 2009 samþykkti sveitarstjórn tillögu að deiliskipulagi fyrir einbýlishúsalóð og frístundabyggð í landi Einarstaða, dags. 09.12.08, gerða af Búgarði ráðgjafafjónustu á Norðausturlandi. Tillagan var samþykkt í Skipulags- og umhverfisnefnd þann 10.02.09. Að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar var tillagan auglýst og deiliskipulagið til sýnis á skrifstofu Þingeyjarsveitar, Kjarna, Laugum frá 11. maí til 8. júní sl. Frestur til athugasemda rann út þann 22. júní sl.

Alls bárust athugasemdir frá 7 aðilum og hefur nefndin tekið afstöðu til þeirra.

1. Athugasemd frá Hestamannafélaginu Þjálfra, dagsett 16. júní 2009.

Gerð er athugasemd við hávaðamengun frá fyrirhuguðum þyrlupalli.

Svar: Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir að þyrlupallurinn verði felldur út úr deiliskipulaginu.

2. Athugasemd frá Friðgeiri Sigtryggssyni og Kristjönu Kristjánsdóttur Breiðumýri, dags. 22. júní 2009.

Gerð er athugasemd við hávaðamengun frá fyrirhuguðum þyrlupalli. Auk þess benda þau á hugsanlega lyktarmengun á frístundabyggðarsvæðinu frá húsdýraáburði.

Svar: Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir að þyrlupallurinn verði felldur út úr deiliskipulaginu. Nefndin bendir á að deiliskipulagið rýrir á engan hátt rétt nágretta til hefðbundinna landbúnaðarstarfa.

3. Athugasemd frá Jóhönnu Magneu Stefánsdóttur og Þórstein Rúnari Þórsteinssyni, Vallakoti, dags. 18.06.09.

Gerð er athugasemd við hávaðamengun frá fyrirhuguðum þyrlupalli. Auk þess benda þau á hugsanlega lyktarmengun á frístundabyggðarsvæðinu frá húsdýraáburði og önnur óþægindi frá búskaparstörfum.

Svar: Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir að þyrlupallurinn verði felldur út úr deiliskipulaginu. Nefndin bendir á að deiliskipulagið rýrir á engan hátt rétt nágretta til hefðbundinna landbúnaðarstarfa.

4. Athugasemd frá Kristjáni Guðmundi Eggertssyni og Margréti Valgeirsdóttur, Laugagerði, dags. 18.06.09.

Gerð er athugasemd við hávaðamengun frá fyrirhuguðum þyrlupalli.

Svar: Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir að þylupallurinn verði felldur út úr deiliskipulaginu.

5. Athugasemd frá Guðrúnu Emilíu Höskuldsdóttur og Kristjáni Guðmundssyni, Öndólfstöðum, dags. 29.05.06.

Gerð er athugasemd við hávaðamengun frá fyrirhuguðum þylupalli.

Svar: Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir að þylupallurinn verði felldur út úr deiliskipulaginu.

6. Athugasemdir frá Herði Sigurðssyni og Olgu Mörtu Einarsdóttur, Einarstöðum 1, dags. 22.06.09.

a) Gerð er athugasemd við að landamerkjálína milli Einarstaða 1 og 2 vanti á uppdrátt deiliskipulagsins.

Svar: Nefndin tekur undir athugasemdina og samþykkir að láta færa landamerki jarðanna skýrt inn á skipulagsuppdráttinn.

b) Ýmsar athugasemdir við þylupall á svæðinu.

Svar: Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir að þylupallurinn verði felldur út úr deiliskipulaginu.

c) Gerð er athugasemd við nálægð frístundabyggðarinnar við búrekstur á Einarstöðum 1.

Svar: Ekki er að finna ákvæði í skipulagsreglugerð um fjarlægð frístundarbyggðar frá landbúnaðarsvæðum og því telur nefndin ekki forsendur til að bregðast við athugasemdinni.

d) Gerðar er athugasemdir við sameiginlega kaldavatsveitu og fráveitu.

Svar: Nefndin telur að fullnægjandi grein sé gerð fyrir vatnsveitu og fráveitu á skipulagsuppdráttinum enda hefur Heilbrigðiseftirlit Norðurlands Eystra samþykkt erindið fyrir sitt leyti, sbr. bréf dags. 05.06.09.

e) Gerð er athugasemd við að ekki sé gerð grein fyrir brunavörnum á svæðinu.

Svar: Tryggt verður að brunavörnum verði fullnægt. Samkvæmt deiliskipulagstillögunni er gert ráð fyrir að útbúa tjörn á svæðinu og mun vatnið úr henni nýtast sem slökkvivatn fyrir svæðið. Byggingarleyfi fyrir einstök frístundahús verða ekki gefin út nema að nægilegt slökkvivatn verði tryggt á svæðinu.

f) Athugasemd er gerð við að ekki sé tryggt að gestir svæðisins haldist utan við landmerki Einarstaða 1.

Svar: Varðandi þessa athugasemd vísar nefndin til III. kafla náttúruverndarlaga um almannarétt, umgengni og útivist.

g) Gerð er athugasemd um að ekki sé gerð grein fyrir söfnun og frágangi sorps á svæðinu.

Svar: Um það gilda sömu reglur og annars staðar í sveitarfélaginu, þ.e. sorpi er safnað í gáma og þeir síðan losaðir með reglubundnum hætti.

h) Gerð er athugasemd við að áform rekstraraðila varðandi gæludýr viðskiptavina liggi ekki fyrir.

Svar: Nefndin telur athugasemdina ekki falla undir deiliskipulagsákvæði en bendir á reglur sveitarfélagsins um hundahald.

- i) Gerð er athugasemd við leið milli útihúsa og gegnum hlaðið á Einarstöðum, m.a. til að skoða kirkju, og að henni þurfi að loka.

Svar: Nefndin leggur til að gönguleið frá skipulagssvæðinu í átt að kirkju verði færð til vesturs og tengist heimreið að íbúðarhúsi Einarstöðum 3.

- j) Gerð er athugasemd sem lýtur að neikvæðum áhrifum rafmagnsbylgja á búpening og menn t.d. frá þráðlausu netsambandi eða þráðlausu símasambandi.

Svar: Nefndin telur það ekki í sínum verkahring eða deiliskipulagsins að kveða á um skaðsemi eða skaðleysi útvarpsbylgja eða þráðlaus netsambands né setja inn ákvæði þar að lútandi.

- k) Gerð er athugasemd við að fyrirhuguð tjörn í malargryfjunni muni hugsanlega gleypa allt vatn sem í læknum rennur og þannig skerða brunaöryggi á Einarstöðum 1.

Svar: Ekkert liggur fyrir annað en að lækurinn muni renna áfram sína leið þó að vatn úr honum verði notað til að mynda tjörn. Tryggja skal að þannig verði gengið frá tjörninni að vatnið sem í hana rennur skili sér áfram í lækinn.

7. Athugasemdir frá Umhverfisstofnun, dags. 29.06.09.

Umhverfisstofnun óskaði formlega eftir viku fresti til að koma á framfæri athugasemdum og var orðið við því.

Gerðar eru ýmsar athugasemdir vegna þyrlupalls og eins vegna að erindið hafi ekki farið í grenndarkynningu og verið sent Umhverfisstofnun til sérstakrar umsagnar.

Svar: Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir að þyrlupallurinn verði felldur út úr deiliskipulaginu. Rétt er að benda á að flest það sem stofnunin gerir athugasemdir við lýtur að almennum lögum og reglum sem fylgja þarf og gera þarf grein fyrir áður en framkvæmdaleyfi er gefið út, s.s. um öryggismál og mengunarvarnir.

Varðandi grenndarkynningu skal bent á að grenndarkynning skv. ákvæðum skipulags- og byggingarlaga er ekki viðeigandi í þessu tilviki þar sem skipulagið er í ferli með lögformlegri kynningu skv. skipulags- og byggingarlögum sem gengur lengra en grenndarkynning. Ætla verður að Umhverfisstofnun hafi burði til að fylgjast með skipulagi sem fer í almenna auglýsingu og kynningu ekki síður en allur almenningur.

Skipulags- og umhverfisnefnd Þingeyjarsveitar leggur til að ofangreindar breytingar verði gerðar á deiliskipulagi fyrir Einarstaði 2. Þá bendi nefndin á að enn liggur ekki fyrir umsögn Fornleifaverndar ríkisins og eftir henni verði kallað áður en skipulagið verður sent til staðfestingar hjá Skipulagssstofnun.

Fleira ekki gert og fundi slitið 13:45.